

Alþingi

Erindi nr. B 20/1934

komudagur 8/5 1996



HAFNARFJARÐARBÆR

Hafnarfirði, 6. maí 1996.


Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 2. þ.m. voru lögð fram bréf frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 19. apríl s.l., móttækin 24. apríl s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til laga er varða fjármagnstekjuskatt.

Bæjarráð tekur heilshugar undir mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga frá 15. apríl s.l. og kröfu þess um að sveitarfélögin í landinu verði ekki fyrir fjárhagstjóni vegna setningar laga um fjármagnstekjuskatt. Fjárhagslegt tjón Hafnarfjarðarbæjar gæti árlega numið tugum milljóna verði framlagt stjórnarfrumvarp um fjármagnstekjuskatt samþykkt óbreytt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðbjörn Ólafsson.